

SAMÞYKKT

16

13. febr.

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum frá bryggjum Sildarverksmiðja Ríkisins, suður að svokölluðu anleggi og á móts við það og suður af því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Sildarstöð og lóðarréttindi: Friðriks Guðjónssonar, (Baldur) h/f Ásgeir Pétursson, Ólavs Hendriksen, H. Thorarensen, dánarbús Ragnars Ólafssonar.

Dráttarbrautin, O. Ragnars.

Vélsmiðja Siglufjarðar, Magdalena Olsen.

Sildarstöð og lóðarréttindi: Dánarbús Halldórs Jónssonar, Edvins Jacobsen, Ingvars Guðjónssonar, Jóns Hjaltalín, Friðleifs Jóhannssonar o. fl., með lifrarbræðslu, Alfons Jónssonar, O. Tynes og Indiönu Tynes, Ástu Maren og Guðbjargar Malmqvist, Einars og Friðriks Einarssona, Antons Jónssonar & Co, Skafta Stefánssonar, h/f Njörður.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Palmason.

REGLUGERÐ

17

22. febr.

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, samkvæmt lögum nr. 24 1. febr. 1936.

1. gr.

Almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (samkv. skilgreiningu í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum) og dreifingu þeirra annast héraðslæknar hver í sínu héraði með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra (sbr. 7. gr. nefndra laga).

2. gr.

Héraðslæknir skal jafnan hafa óhindraðan aðgang til eftirlits og töku sýnis-horna skv. fyrirmælum um eftirlitsmenn í 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936. Sömu réttindi hafa og fulltrúar hans við eftirlitsstarfseminu, enda hafi þeir umboð áritað af lögreglustjóra.

3. gr.

Héraðslæknir heldur eftirlitsbækur yfir alla tilkynningarskylda starfsemi (skv. 10. gr. almennra reglna um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum nr. 49 15. júlí 1936) í héraði sínu. Skal hann skoða eða láta skoða allt viðkomandi slíkri starfsemi eigi sjaldnar en einu sinni á ári, en oftár

17 eftir því sem ástæður eru til, og skrá í hvert sinn árangur skoðunarinnar í eftirlitsbók. Heilbrigðisnefnd skal jafnan hafa aðgang að þessum eftirlitsbókum og sömu-
22. febr. leiðis lögreglustjóri og forstöðumaður eftirlitsins (sbr. 15. gr.).

4. gr.

Við skoðun á tilkynningarskyldri starfsemi (sbr. 3. gr.) skal leggja til grundvallar ákvæði í 11. og 12. gr. almennra reglna nr. 49 15. júlí 1936, nema í gildi séu sérstakar reglur eða ákvæði í heilbrigðissamþykktum, er geri strangari kröfur.

5. gr.

Tilkynningarskylda starfsemi, sem aðeins er rekin nokkurn hluta árs hvers (sláturhús, kjötbúðir o. s. frv.), má ekki hefja á hverju starfstímabili, fyrr en að undangenginni skoðun og að fengnu vottorði frá héraðslækni um, að fullnægt sé settum reglum um slíka starfsemi.

6. gr.

Finni héraðslæknir við skoðun á starfsemi, sem að ofan greinir, að ábótavant sé útbúnaði, umgengni eða öðru, skal hann þegar gera forráðamönnum starfseminnar aðvart og benda á, hvað gera þurfi til úrbóta. Nú er um svo miklar misfellur að ræða á útbúnaði eða starfrækslu að dómi héraðslæknis, að nauðsynlegar umbætur þoli enga bið, og skal hann þá hlutast til um, að starfseminni sé tafarlaust hætt, þar til úr hefir verið bætt.

7. gr.

Jafnframt því að skoða alla tilkynningarskylda starfsemi í héraði sínu, skal héraðslæknir eða fulltrúi hans — að svo miklu leyti sem unnt er við skoðun á staðnum — líta eftir, hvort matvæli þau og aðrar neyzluvörur, sem þar eru framleiddar eða með er farið á annan hátt, fullnægi gildandi kröfum. Auk þess skal hann í sama skyni og eftir því sem ástæður eru til, eða eftir því, sem sérstaklega kann að vera fyrir mælt, taka sýnishorn af framleiðslunni eða öðrum matvælum eða neyzluvörum, sem þar er farið með, eða af efnum, er snerta slíkar vörur á einn eða annan hátt, og senda til rannsóknar á þar til viðurkennda rannsóknarstofnun, allt eftir eðli rannsóknanna, enda hafi hann ekki tök á að framkvæma þær sjálfur.

8. gr.

Ennfremur skal héraðslæknir taka eða láta taka til rannsóknar sýnishorn af matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (skv. skilgreiningu í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936), eftir því sem ástæður þykja til, eða eftir því, sem sérstaklega kann að vera fyrir mælt, hvar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum eða með þær farið á annan hátt, svo sem tiltekið er í 7. gr. nefndra laga, og yfirleitt hafa að eigin frumkvæði vakandi auga á, að hlýtt sé fyrirmælum almennra reglna nr. 49 15. júlí 1936 og öðrum, er sett hafa verið eða sett kunna að verða um sama efni.

9. gr.

Er héraðslæknir eða fulltrúi hans tekur sýnishorn til rannsóknar, skal hann þegar útfylla sérstök tölusett eyðublað þar að lútandi, og skal þar meðal annars skráð tegund og auðkenni sýnishornsins, magn þess, hvar og hvenær það sé tekið, ennfremur nafn framleiðanda og framleiðslutíma, ef upplýsingar fást um það. Skal þessi skrásetning fara fram í viðurvist afgreiðslumanns eða annars umboðsmanns þess fyrirtækis, er um ræðir, og skal sá hinn sami staðfesta með undirskrift sinni, að sýnishornið hafi verið tekið í viðurvist hans og að rétt sé skráð. Heimilt skal honum að krefjast afrits af ofanefndu eyðublaði útfylltu.

Að jafnaði skal skipta sýnishorni í 2 jafna hluta og innsigla hvorn í sínu lagi 17 í viðurvist afgreiðslumanns. Skal annar hlutinn sendur til rannsóknar, en hinn 22. febr. geymdur í skrifstofu héraðslæknis til samanburðar síðar, ef þurfa þætti.

Afhendandi má þó krefjast þess að fá sjálfur einn hluta, og er sýnishorninu þá skipt í 3 jafna hluta, og allir innsiglaðir, hver í sínu lagi. Heldur hann þá sjálfur einum þeirra eftir, en um hina fer eins og áður segir. Af vörutegundum, sem eru þess eðlis, að auðsýnt er, að niðurstöður rannsókna þeirra, er gera skal, muni breytast svo við geymslu sýnishorns, að samanburður við síðari rannsóknir sé tilgangslaus, nægir þó að taka eitt óskipt sýnishorn.

Sýnishornin eða hlutar þeirra skulu á tókustað aðeins auðkenndir með tegund og tölusetningu tilsvareandi eyðublaðs. Þann hlutann, sem þegar skal rannsaka, skal senda þannig til viðkomandi rannsóknarstofu. Þó skal héraðslæknir að auki gefa rannsóknarmanninum allar þær upplýsingar, er nauðsynlegar mega teljast til framkvæmda á umbeðnum rannsóknum.

Héraðslæknir heldur sérstakar bækur yfir allar þær rannsóknir, er hann lætur þannig framkvæma, og færir inn í þær niðurstöður rannsókna.

10. gr.

Leiði rannsókn sýnishorns í ljós, að varan uppfylli ekki þau skilyrði, er henni ber samkvæmt lögum eða gildandi reglum, getur héraðslæknir ef um smávægilegar misfellur er að ræða, látið nægja að gera framleiðanda eða þeim, er ábyrgur telst fyrir vörunni, aðvart og áminna um, að komið verði í veg fyrir endurtekingu. Við meiri háttar misfellur eða endurteknar, þótt smávægilegar séu, skal leggja málið fyrir heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóra til frekari aðgerða.

11. gr.

Héraðslæknir heldur sérstaka dagbók yfir allar umkvartanir, er honum eða skrifstofu hans berast (svo sem vegna meðferðar matvæla, húsnæðis eða vegna annars, er að heilbrigði lýtur), og sé jafnan bókfært, hverja úrlausn þær hafi fengið. Sýnishorn, er einstakir menn kunna að hafa tekið til rannsóknar, er héraðslækni ekki skylt að taka á móti, en skrá skal hann allar slíkar umkvartanir í dagbók þessa. Skal hann síðan, ef ástæður þykja til, sjálfur láta taka sýnishorn eða framkvæma rannsókn á viðkomandi vörutegund.

12. gr.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er, skal hann að jafnaði annast eftirlitsstarfsemi samkvæmt reglugerð þessari sem fulltrúi héraðslæknis og undir stjórn hans (sbr. lög nr. 64 10. nóv. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög og heilbrigðissamþykktir settar samkvæmt þeim), en ætíð skal hann bera álit sitt og kærur undir héraðslækni til staðfestingar.

13. gr.

Ef sérstökum mönnum er falið heildareftirlit með einstökum greinum eftirlitsins (skv. 7. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936), má leysa héraðslækni undan eftirlitsskyldu í þeim greinum að einhverju eða öllu leyti, en sama rétt skal hann þó hafa til eftirlits í þeim greinum sem öðrum samkvæmt reglugerð þessari.

14. gr.

Héraðslæknir semur skýrslu fyrir hvert almanaksár um alla eftirlitsstarfsemi, samkvæmt reglugerð þessari, og á sérstök eyðublað, er landlæknir gefur út í samráði við forstöðumann eftirlitsins. Skýrslu þessa skal héraðslæknir senda landlækni ásamt ársskýrslum sínum, þ. e. fyrir lok marzmánaðar næsta ár á eftir.

17

22. febr.

15. gr.

Ráðherra ræður lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild, og skal sá forstöðumaður jafnan hafa aðgang að eftirlitsbókum héraðslækna og dagbókum þeirra rannsóknarstofnana, er rannsóknir framkvæma, samkvæmt reglugerð þessari. Skal hann leiðbeina héraðslæknum um allt, er lýtur að tilhögun við eftirlitsstarfið, bókfærslu og skýrslugerð og sjá um, að eftirlitið verði sem bezt samræmt um land allt. Hann skal og hafa sama rétt og héraðslæknir til að láta taka sýnishorn til rannsókna og til að framkvæma annað eftirlit, samkvæmt reglugerð þessari, hvar sem er á landinu.

16. gr.

Allur rannsóknarkostnaður, þar með talinn kostnaður við umbúðir og sendingu sýnishorna til rannsókna, greiðist úr ríkissjóði eftir sérstökum samningi, er ríkisstjórn gerir við hlutaðeigandi rannsóknarstofnanir, sbr. þó 11. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936.

Ef héraðslæknir þarf að gera sér sérstaka ferð utan kaupstaðar þess eða kaupþúns, sem hann er búsettur í, eingöngu vegna eftirlitsins, greiðist ferðakostnaður úr ríkissjóði, samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, en annars skal hann hlutast til um, eftir því sem við verður komið, að haga eftirlitinu á þann hátt, að eigi leiði til slíks kostnaðar.

Rannsóknir þær, er héraðslæknir framkvæmir sjálfur, greiðast samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eftir úrskurði ráðherra.

17. gr.

Ef í Reykjavík eða annarsstaðar þarf að ráða sérstakan mann eða menn til aðstoðar héraðslækni og heilbrigðisfulltrúa við töku sýnishorna samkvæmt reglugerð þessari, skal kostnaður, sem af því leiðir, greiðast úr ríkissjóði, enda heimili ráðherra þær ráðstafanir og staðfesti ráðningar og ráðningarkjör.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 1. ferúar 1936 og öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

18

9. jan.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patreksfjarðarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Patreksfjarðarhöfn takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin frá Vatneyrarodda í hásuður. Tvær vörður skulu settar á Vatneyrarodda, og sýni þær stefnu þessa. Að sunnan takmarkast höfnin af línu, er hugsast dregin úr Þúfneyrarodda og myndar rétt horn við áður nefnda línu. Að norðan og austan takmarkast höfnin af strandlengjunni milli endapunkta áður greindra lína.